

## Umhverfisráðsfundur barna (þriðji fundur) 11. og . 18. apríl 2018



Fundarmenn eru elstu börnin í Lundi, Svartprestir og Skógarprestir.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Unnur B. Kristjánsdóttir, leikskólakennari, ritari fundarins og ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

### Dagskrá fundar:

#### Umræður: Matarsóun

Horfa á mynd um Trjálfana í Góða hirðinum, 1 og 2.

### Fundargerð:

1. **Setja umhverfisráðherramerki í barminn.**
2. **Fara yfir Bínu-reglurnar:** sitja með hendur og fætur hjá sér, hlusta, bíða þar til röðin er komin að þér og fundarregluna að rétta upp hönd til að fá orðið..
3. **Rifjað upp dagskrá frá síðasta fundi.**

Anna Borg rifjaði upp síðasta fund og ræddum við aðeins um hann. Krakkarnir voru ótrúlega dugleg að rifja upp og muna um hvað vinna gegn matarsóun snérist.
4. **Fara yfir kannanir sem fóru heim um vinnuna gegn matarsóun.**

Það voru ekki margir í þessum hópi sem höfðu skilað inn könnun en almennt eru margir í Lundi búnir að skila. Við ræddum heilmikið í kringum þessar kannanir. Krakkarnir voru öll sammála að henda ekki mat heldur geyma í ísskápnum og nota aftur. Ein í hópnum er með hænur, hund og kanínur og fá þær allan afgang af mat sem ekki er hægt að nota í annan rétt. Einn segir þabba sinn taka afgangsmat í vinnuna sem nesti. Annars allir voða duglegir að klára á diskinum sínum heima og leikskólanum og einn vildi að við pössuðum að henda ekki mat í orkutunnuna því rottur kæmust kannski í hana. Anna Borg minnti krakkana á að gera síðustu könnunina með mömmu og þabba, könnun um matarinnkaupin. Ræddum um að kaupa ekki of mikið inn, taka mynd af ísskápnum til að sjá hvað vantar, elda ekki of mikinn mat. Svo væri nú gott ef fleiri væru að molta matarafganga.
5. **Hvaða umhverfisráðherrar fara í eftirlit næst?**

Í maí fara Þorsteinn Þór, Hulda Rún, Magnús Ingvi og Emilía Rós í eftirlitsferð.
6. **Hvernig gekk síðasta eftirlit umhverfisráðherra??**

Mjög vel allir fengu broskall 😊

#### Önnur mál

Anna Borg minnti fundarmenn á að í maí kæmi fulltrúi frá Landvernd til að spjalla við okkur um matarsóunarverkefni.

Við verðum með einn stórann fund í maí þar sem við rennum í gegnum síðustu könnun.

7. Horfðum á skemmtilegu Trjáálfana þegar þeir gáfu húsgögnin sín í Góða Hriðinn og keyptu þau síðan til baka.

**Fundi slitið!**

Fundarstjórn:

Anna Borg

Ritari fundarins:

Unnur B. Kristjánsdóttir, leikskólakennari

Sérlegur tæknistjóri fundarins:

Lilja Sólrún Guðmundsdóttir